



Hvalfjarðarsveit, 23. september 2020

Próttur ehf
/fannar@throtturehf.is
Ægisbraut 4
300 Akranesi

Meðfylgjandi eru drög að tímabundnu starfsleyfi fyrir starfsemi Próttar ehf við meðhöndlun á asbest hitaveiturörum, þ.e leyfi fyrir að fjarlægja rörin og koma þeim til förgunar á viðurkenndum urðunarstað. Um er að ræða hitaveiturör úr fyrrum lagnað Veitna ohf í landi Litlu Fellsaxlar og Kjalardals í Hvalfjarðarsveit.

HeV gefur út meðfylgjandi starfsleyfi fyrir atvinnurekstur meðhöndlunar á asbest. Leyfið er gefið út skv. og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Umsókn barst þann 21. september s.l og þar kemur fram að starfsemin muni hefjast 24. október n.k og standa í um 3 vikur. Lagnaleið er um 2.5 km. Hitaveiturörin verða flutt á á urðunarstað í Fíflholtum undir yfirbreiðslu. Rörin munu mögulega standa í nokkra daga, hámark, á vinnusvæði áður en þau eru flutt á urðunarstað. Starfsmenn Próttar ehf sótt námskeið um meðferð asbests og hafa reynslu af vinnu við að fjarlægja slík rör.

Starfsleyfisskilyrði fyrir atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest ber að auglýsa í minnst 4 vikur á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, www.hev.is, skv. ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 (viðauki X, 9.11.) um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Athugasemdir við starfsleyfistillöguna skal senda skriflegar á netfangið heilbrigðiseftirlit@hev.is fyrir **22. október n.k.**

Virðingarfyllst,

heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Fylgiskjal

Drög að starfsleyfi dagsett 23. september 2020



Tímabundið starfsleyfi til auglýsingar.

**Próttur ehf. Ægisbraut 4, Akranesi.
Kt. 420369-3879**

Starfsleyfisskilyrði fyrir atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest

Almennt.

Atvinnurekstur sem gæti haft í för með sér losun asbests út í umhverfið, þar með talið niðurrif bygginga, byggingahluta eða búnaðar, er starfsleyfis skyldur skv. reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Heilbrigðisnefnd viðkomandi svæðis veitir starfsleyfi fyrir slíka starfsemi.

Niðurrif bygginga, byggingahluta, véla eða annars búnaðar sem inniheldur asbest er háð samþykki Vinnueftirlitsins sbr. reglugerð um bann við notkun asbests á vinnustöðum.

Um starfsleyfið.

Starfsleyfið gildir fyrir meðhöndlun og flutning á asbest hitaveitulögnum í landi Litlu Fellsaxlar og Kjalardals í Hvalfjarðarsveit. Starfsmenn Próttar ehf. munu sjá um niðurrifið og verður efnið flutt á viðurkenndan urðunarstað með starfsleyfi, í Fíflholtum Borgarbyggð.

Starfsleyfið gildir dagana 24. október til 24. nóvember 2020. Þurfi rekstraraðili framlengingu á starfsleyfi sökum ytri aðstæðna skal hann sækja framlengingu leyfis til heilbrigðisnefndar.

Skilyrði.

- Starfseminni skal þannig hagað að hún valdi ekki nágrönnum eða fólki í nágrenni vinnlustaðar óþægindum vegna asbestryks eða annars ónæðis.
- Rekstraraðila er skylt að halda vinnusvæðinu snyrtilegu. Hindra skal aðgengi almennings að asbesti.
- Asbest skal flytja á viðurkenndan urðunarstað eða til endurnýtingar (vinnlustöð Veitna við Sólbakka í Borgarnesi) eins fljótt og hægt er eftir að það hefur verið grafið upp.
- Við niðurrif þar sem hætta er á mikilli asbestmengun skal svæðið lokað af til að hindra dreifingu út fyrir það.
- Asbestryk og úrgangur sem inniheldur asbest skal geymdur í þéttum, merktum lokuðum ílátum og fluttur þannig til förgunar á stað sem hefur til þess starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.
- Vökva sem kann að innihalda asbesttrefjar skal fargað þannig að asbesttrefjar berist ekki út í andrúmsloftið.
- Tryggja skal að við flutning og losun úrgangs sem inniheldur asbest sé engum asbesttrefjum eða asbestryki hleypt út í andrúmsloftið.
- Þegar úrgangur sem inniheldur asbest er urðaður skal tryggja að hann sé meðhöndlaður, pakkaður og þakinn þannig að komið sé í veg fyrir að asbestagnir berist út í umhverfið.
- Um öryggi starfsfólks sem vinnur við asbest fer skv. reglum Vinnueftirlitsins.
- Eintak af starfsleyfi, skilyrðum þessum og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.
- Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði þessi.
- Að niðurrifi loknu skal senda skýrslu til HeV, innan mánaðar frá verklokum, þar sem fram kemur magn asbestsúrgangs sem var meðhöndlaður.

Hvalfjarðarsveit, 23. september 2020

f.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands